

Um prókúruumboð og skaðabótaábyrgð prókúruhafa

- BA. ritgerð í lögfræði -

Eik Aradóttir

Lagadeild
Félagsvísindasvið
Umsjónarkennari: Haukur Örn Birgisson
Apríl 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	2
2 Umboð.....	2
2.1 Tegundir umboða.....	3
2.1.1 Heimildarumboð	3
2.1.2 Sjálfstæð umboð.....	4
2.1.2.1 Stöðuumboð	4
2.1.1.1 Tilkynningarumboð.....	5
3 Prókúruumboð.....	5
3.1 Aðdragandi lagasetningar	6
3.2 Ákvæði firmalaga um prókúru	6
3.3 Samanburður á prókúruumboði og rétti til að rita firma	7
4 Bótaábyrgð prókúruhafa.....	9
4.1 Almenn	9
4.2 Umboðsmaður fer út fyrir heimild sína	9
4.3 Umboðsmaður ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð.....	11
4.5 25. gr. firmalaga.....	13
5 Lokaorð	17
Heimildaskrá	18
Dómaskrá	19
Viðauki.....	20
1. Veiting prókúru.....	20
2. Afturköllun prókúru.....	21

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um prókúruumboð og skaðabótaábyrgð prókúruhafa. Það er athyglisvert umfjöllunarefni þar sem ekki hefur verið skrifað mikið um efnið hér á landi og auk þess er dómaframkvæmd ekki mikil.

Uppsetning ritgerðarinnar verður sú að samhengisins vegna er nauðsynlegt að gerð sé í upphafi grein fyrir helstu tegundum umboða og megineinkennum þeirra. Að því loknu verður svo fjallað sérstaklega um prókúruumboð og þau lagaákvæði sem helst koma til skoðunar við notkun á slíkum umboðum. Í síðari hluta ritgerðarinnar verður svo fjallað um reglur er varða bótaábyrgð prókúruhafa. Fjallað verður um hvers konar bótaábyrgð kemur til skoðunar og hvernig reglunum hefur verið beitt í framkvæmd og verður þá fyrst og fremst stuðist við dómafordæmi Hæstaréttar Íslands. Í lokorðum verða svo helstu atriði ritgerðarinnar dregin saman.

2 Umboð

Um umboð er sérstaklega fjallað í II. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.¹

Í fræðiritum hefur hugtakið umboð verið skilgreint með eftirfarandi hætti:

Löggæringur af hálfu A, umbjóðanda, sem veitir öðrum aðila, B, umboðsmanni, vald til þess að gera löggæring í nafni A, gagnvart þriðja manni, C, en B verður ekki sjálfur skuldbundinn við þann löggæring sem stofnast á milli A og C í skjóli umboðsins.²

Heimild umboðsmanns til þess að koma fram fyrir hönd annars manns verður að byggjast á löggæringi. Í umboðum eru alltaf tveir meginþættir, annars vegar umboðsþáttur, þ.e. vald umboðsmanns til að gera löggæring fyrir hönd umbjóðanda og hins vegar, heimildarþáttur þar sem fyrirmæli umbjóðanda um efni löggæringa sem umboðsmaður gerir á grundvelli umboðs koma fram.³

Umboðsgæringurinn þar sem umbjóðandi lýsir því yfir að tiltekinn maður hafi umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd er því grundvöllur þess réttarsambands sem skapast á milli umbjóðanda og þriðja manns.⁴

¹ Hér eftir nefnd samningalög og skammstöfuð sml.

² *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 447.

³ Ása Ólafsdóttir: *Glærur um milligöngu við samningsgerð*, glæra 13.

⁴ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur - yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 175.

Að jafnaði eru engar sérstakar kröfur gerðar um form umboðs. Meginreglan er því sú að þau geta verið skrifleg eða munnleg enda gera samningalögin ráð fyrir báðum tilvikum.⁵

2.1 Tegundir umboða

Til þess að umboðsmaður geti sannað umboð sitt þarf umbjóðandi að kynna væntanlegum viðsemjanda það á einhvern hátt. Flokkun umboða byggist á því hvernig þessi kynning fer fram.⁶ Umboð hafa almennt verið flokkuð í tvo meginstofna, annars vegar sjálfstæð umboð og hins vegar svokölluð heimildarumboð.⁷

2.1.1 Heimildarumboð

Í 18. gr. sml. er fjallað um heimildarumboð og er þessi tegund umboða því gjarnan kölluð „18. gr. umboð“. Ákvæðið fjallar um umboð „sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmannsins.“

Væntanlegur viðsemjandi umboðsmannsins (hinn svokallaði þriðji maður) fær hér enga sérstaka tilkynningu frá umbjóðanda og verður því að leggja traust sitt á umboðsmanninn um að hann hafi umboð og hver heimild samkvæmt umboðinu sé, sbr. *Hrd. 1997, bls. 446*: Málavextir voru þeir að verið var að byggja hús á Laugavegi og gler sem selt var í húsið reyndist gallað, sem leiddi til þess að skipta þurfti um gler í húsinu. Á glerinu var framleiðsluábyrgð fyrirtækisins Íspan hf. Fyrirtækið tók á sig kostnað nýs glers en taldi sig ekki bera ábyrgð á kostnaði sem hlytist af því að taka gallaða glerið úr húsinu og setja það nýja í, enda væri um mjög sértækt verk að ræða. Eigandi hússins sagði við verktaka sinn: „Komdu þessu máli bara útúr heiminum.“ Þetta var umboðið. Verktakinn réð menn til þess að sjá um verkefnið og sendi svo eigandanum reikninginn. Álitafnið laut að því hvort um umboð hafi verið að ræða og því hvort að húseigandinn yrði að greiða fyrir verkið. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að húseigandanum hefði mátt vera ljóst að framleiðsluábyrgðin gildi bara um glerið en ekki vinnuna. Eigandinn hafði því gefið verktakanum fulla ástæðu til þess að ætla að framkvæmdirnar hefðu verið gerðar með heimild.

Af þessum dómi er ljóst að með þessari tegund umboða getur þriðji maður þurft að taka töluverða áhættu.

Meginreglan er að í heimildarumboðum fer umboð og heimild ætíð saman.⁸

⁵ Ása Ólafsdóttir: *Glærur um milligöngu við samningsgerð*, glæra 6.

⁶ Ása Ólafsdóttir, *Glærur um milligöngu við samningsgerð*, glæra 9.

⁷ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur - yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 180.

⁸ Ása Ólafsdóttir, *Glærur um milligöngu við samningsgerð*, glæra 22.

2.1.2 Sjálfstæð umboð

Sjálfstæð umboð eru þau umboð nefnd þegar umboðið sjálft (sem gildi hefur gagnvart þriðja manni) fer ekki sjálfkrafa saman við heimild umboðsmannsins gagnvart umbjóðanda. Umboðið hefur þá sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni.⁹ Sjálfstæð umboð skiptast í tvo meginflokka, stöðuumboð og tilkynningarumboð.

2.1.2.1 Stöðuumboð

Um þessa tegund umboða er fjallað í 2. mgr. 10. gr. sml. Þar segir:

Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hans innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggærninga, sem innan þeirra takmarka eru.

Starfssamband starfsmanna verslana við verslunarrekanda er dæmi um slíkt umboð. Það má segja að almenningi sé á óbeinan hátt sagt að starfsmaðurinn hafi umboð á vissu sviði fyrir tiltekinn aðila, það er að segja atvinnuveitandann.¹⁰

Þrjú skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að umbjóðandi verði bundinn við löggærninga umboðsmanns.¹¹

Í fyrsta lagi verður löggærningur að tengjast stöðu viðkomandi hjá vinnuveitanda, sbr. *Hrd. 2001, bls. 1017 (342/2000)*: Þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að starfsmaður hefði farið út fyrir umboð sitt með því að gefa út skuldabréf fyrir hönd félagsins. Taldi Hæstiréttur að það hefði ekki falist í starfi hans að gefa út skuldabréf fyrir svo háa fjárhæð þar sem það tengdist ekki stöðu hans innan fyrirtækisins og uppfyllti því ekki skilyrði, 2. mgr. 10. gr. sml.

Í öðru lagi verður fullgildur vinnusamningur að liggja fyrir og varða þá tilteknu stöðu sem starfsmaður gegnir. Í því felst að ákveðinn varnanleiki og festa þarf að vera til staðar. Starfsmaðurinn verður raunverulega að gegna starfinu.

Í þriðja lagi verður starfsmaðurinn að gegna þessari stöðu þegar hann gerir löggærninginn í nafni vinnuveitanda, sbr. *Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)*: Þ hafði keypt vörubifreið af P. Annar maður, Á, hafði komið P í samband við P og sagt P að hann hafði annast milligöngu fyrir hann áður. Þ vildi slíta kaupunum og beindi uppsögn að Á. P hélt því fram að Á hafði ekki haft stöðuumboð og hafði því ekki verið heimilt að taka við uppsögn samningsins. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að P hefði haft réttmæta ástæðu til þess að ætla að Á hefði stöðuumboð og hefði því verið heimilt að beina uppsögn samnings til hans.

⁹ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 385.

¹⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur – yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 183.

¹¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur – yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 183.

2.1.1.1 Tilkynningarumboð

Tilkynningarumboð getur í fyrsta lagi hafa verið tilkynnt persónulega til þriðja manns. Fjallað er um þessa tegund umboðs í 13. gr. sml. með því að umboði er komið til „vitundar þriðja manns með yfirlýsingu, sem beint var til þess manns sérstaklega“. Tilkynningin getur verið með ýmsum hætti. Vegna sönnuárastæðna er þetta talin öruggasta leiðin til þess að sanna umboð.¹²

Í öðru lagi er um tilkynningarumboð að ræða þegar umboðsmaður hefur fengið sérstakt umboðsskjal frá umbjóðanda þar sem gerð er grein fyrir umboðinu. Umboðsmaður getur þá sýnt öllum væntanlegum viðsemjendum skjalið til þess að sanna umboð sitt. 16. gr. samningalaga vísar til þessa möguleika, sbr. umfjöllun um „skriflegt umboð, sem fengið er umboðsmanni í hendur, til þess að hann sýni það þriðja manni“.

Í þriðja lagi getur umbjóðandi gefið út almenna tilkynningu um umboðið, í fjölmiðlum, sbr. 14. gr. sml. þar sem ræðir um umboð, sem umbjóðandi hefur birt í blöðum eða með öðrum álíka almennum hætti.

Í fjórða lagi getur umbjóðandi gefið út prókúruumboð með tilkynningu til firmaskrár samkvæmt lögum um verslunaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.¹³ Umfjöllun þessarar ritgerðar beinist nú nánar að þessari tegund umboða.

3 Prókúruumboð

Hlutafélög eru lögaðilar og þarfnast einstaklinga til þess að koma fram í umboði þeirra. Það eru einkum félagsstjórnarmenn og framkvæmdastjórar sem koma fram fyrir hönd félagsins samkvæmt því sem lög og samþykktir félagsins mæla nánar fyrir um. Í 1. mgr. 74. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög¹⁴ segir að félagsstjórnin komi fram út á við fyrir hönd félags og ritar firma þess. Af fræðiritum má leiða að umboð þessara aðila hvíli fyrst og fremst á lögum og samþykktum félagsins. Umboðið er því annars eðlis heldur en umboðsreglur samningaréttarins. Þetta umboð má þó framselja með ýmsum hætti.¹⁵

Félagsstjórnin ein getur veitt prókúruumboð, sbr. 4. mgr. 68. gr. hl. Stjórnin er þó bundin af þeim takmörkunum sem kunna að felast í ákvæðum samþykktanna í þessu efni.

Um prókúruumboð er fjallað í 3. kafla firmalaga. Firmahafi getur samkvæmt 25. gr. laganna veitt einum eða fleiri mönnum umboð, sem berum orðum er kallað prókúra eða

¹² Páll Sigurðsson: *Samningaréttur – yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 180.

¹³ Hér eftir nefnd firmalög og skammstöfuð fl.

¹⁴ Hér eftir nefnd hlutafélagalög og hl.

¹⁵ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 263.

prókúruumboð. Í prókúruumboði felst að prókúruhafi hefur vald til þess fyrir hönd umbjóðanda síns að annast allt það er snertir rekstur atvinnu hans og að rita firmað, það er að segja að undirrita skjöl undir nafni fyrirtækisins. Prókúruumboð eru því mjög víðtæk en í 3. málsl. 25. gr. firmalaga er þessum rétti þó settar vissar takmarkanir. Þar segir að prókúruhafi megi hvorki selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns nema hann hafi til þess sérstakt umboð.

3.1 Aðdragandi lagasetningar

Fyrstu löggin hér á landi um prókúruumboð voru sett með lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Aðdragandinn var að árið 1884 var skipuð nefnd sérfræðinga á sviði lögfræðinga frá öllum Norðurlöndunum. Markmið þeirra var að vinna saman að tillögum að samræmdum lagabálkum á sviði samningaréttar. Tillögum þessarar nefndar var vel tekið og lög sem fjölluðu um prókúruumboð voru lögfest í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Þótti því eðlilegt að taka upp samhljóða lög á Íslandi.¹⁶

Löggin hafa haldið gildi hér á landi en hafa hins vegar verið felld niður á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð voru sett sjálfstæð prókúrulög árið 1974 og í Noregi árið 1985. Í Danmörku eru reglur um prókúruumboð í lögum frá 2002 um fyrirtæki sem stunda atvinnurekstur.¹⁷

3.2 Ákvæði firmalaga um prókúru

Í ákvæðum 25. - 32. gr. firmalaga er fjallað um prókúruumboð. Meginreglan kemur fram í 25. gr. fl. þar sem fjallað er um umfang prókúruumboðs. Umboðsmaður hefur samkvæmt þessu ákvæði heimild til þess að annast allt það fyrir umbjóðanda „er snertir rekstur og atvinnu, og rita firmað“. Það getur verið álitaeftni hvenær farið er út fyrir þessa heimild en nánar verður fjallað um það álitaeftni í kafla 4.5.

Prókúruumboð má veita fleiri mönnum en einum þannig að þeir geti aðeins notað hana í sameiningu, svokölluð sameiginleg prókúra, sbr. 26. gr. fl. Má hér vísa til *Hrd. 12. febrúar 2009 (202/2008)*: Málavextir þeir að framkvæmastjóri R ehf. gerði fyrir hönd félagsins 14 afleiðusamninga við M hf. Fyrirtækið tapaði peningnum við uppgjör samninganna og krafðist endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem M hf. hafði skuldfært af viðskiptareikningi félagsins þar sem það taldi skiptasamningana vera ógilda og óskuldbindandi fyrir sig þar sem að undirskrift bæði framkvæmdarstjóra og stjórnarmanns félagsins hafi þurft til að skuldbinda félagið. Þar sem þetta kom ekki fram í samþykktum félagsins og prókúruumboð framkvæmdarstjórans var

¹⁶ Alþ. 1903, C- deild, bls. 164.

¹⁷ Þórarinn Egill Þórarinsson, 2010, bls. 75.

ekki takmörkunum háð var talið að hann hafi getað skuldbundið félagið og var M hf. því sýknað af kröfum R ehf.

Prókúru má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt ef löggerningar sem gerðir eru á grundvelli umboðsins eiga að halda gagnvart grandlausum, sbr. 27. gr. fl.

Prókúruumboð er bundið við prókúruhafann og getur hann ekki afhent öðrum prókúru sína, sbr. 29. gr. fl. Hins vegar er alltaf unnt að afturkalla prókúruumboð, sbr. 30. gr. fl.

Prókúruumboð er hægt að tilkynna til firmaskrár, sbr. 31. firmalaga og er þar unnt að kynna sér þau. Í athugasemdum við frumvarpið til firmalaga er það þó ekki talin skylda að tilkynna prókúruumboð.¹⁸ Tilkynningarskylda verður heldur ekki ráðinn af ákvæðum hlutafélagalaga þótt að þar sé einnig að finna ákvæði um prókúruumboð. Því hefur þó verið velt upp hvort að um viðskiptavenju geti verið að ræða. Afgerandi svar er ekki að finna í fræðiskrifum né dómaframkvæmd en þó hefur verið talið að viðsemjandi verði að minnsta kosti að gæta varúðar ef prókúra er ekki skráð¹⁹, sbr. *Hrd. 1989, bls. 465*: Álitaefnið var hvort að starfsmanni fyrirtækis hafi verið heimilt að samþykkja víxla í nafni félagsins. Eigandi firmans hafði gefið út yfirlýsingu um umboðið en þrátt fyrir það var því haldið fram að starfsmaðurinn hefði ekki umboð þar sem það var ekki skráð í firmaskrá. Í forsendum Hæstaréttar segir svo:

Hún [starfsmaðurinn] ritaði á víxla þá, sem málið snýst um í samræmi við venju, sem skapaðist hefði í fyrirtækinu. Áfrýjandi tók við víxlunum sem greiðslu á venjulegum rekstrarvörum, sem óumdeilt er að notaðar voru við veitingareksturinn. Eigandi veitingahússins hefur gefið yfirlýsingu þess efnis, að stefnda hafi haft umboð til að rita á víxlana f.h. fyrirtækisins. Af þessum sökum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ef tilkynntri prókúru er breytt eða hún afturkölluð þarf að tilkynna það til firmaskrár, sbr. 32. gr. fl.

3.3 Samanburður á prókúruumboði og rétti til að rita firma

Í 1. mgr. 74. gr. hlutafélagalaga segir að félagsstjórnin komi fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar firma þess. Í rétti til að rita firma eða firmaritunarrétti eins og hann er einnig kallaður felst réttur til að koma fram fyrir hönd félags við samninga og gerð annarra löggerninga og svo gangvart dómstólum.²⁰ Þetta eru því í raun umboðsreglur.²¹ Reglum 10. og 11. gr. sml.²²

¹⁸ Alpt. 1903, C-deild, bls. 167-168.

¹⁹ Þórarinn Egill Þórarinsson, 2010, bls. 81.

²⁰ Alpt. 1977, A-deild, bls. 461.

²¹ Þórarinn Egill Þórarinsson, 2010, bls. 68.

²² 10. gr. Geri umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfi til að koma.

er þó ekki beitt²³ heldur eiga ákvæði 77. gr. hl. við. Þar segir að ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt 74. gr. geri löggerninga fyrir hönd þess bindi sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í hlutafélagalögunum;
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildar skortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Hér kemur fram sú meginregla firmaritonarréttar að félagið er bundið við löggerninga jafnvel þótt sá sem beiti umboði hafi farið út fyrir heimildarmörk sín.²⁴

Í rétti til að rita firma felst umboð til þess að binda félagið í sérhverju tilliti og er því um afar víðtækan rétt að ræða. Umfang þessa umboðs er það sem helst skilur það frá öðrum tegundum umboða. Rétturinn er þó ekki fortakslaus þar sem hann felur vitanlega ekki í sér umboð til þess að taka ákvarðanir um þau atriði sem lög áskilja að önnur stjórnareining innan félagsins taki, auk þess sem augljóslega felst ekki réttur til þess að gera samninga sem eru bannaðir lögum samkvæmt. Það er einnig álitaefni hvort að unnt væri að takmarka umfang réttarins til þess að rita firma ef löggerningur fellur utan þess tilgangs sem félagið hefur tilkynnt til firmaskrár.²⁵

Í 2. mgr. 74. gr. hl. segir að félagsstjórnin getur veitt stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum heimild til að rita firmað svo framarlega sem ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum félagsins, sbr. 2. mgr. 74. gr. hl. Slík umboð verður alltaf að skrá, sbr. 3. tl. 1. mgr. 148. gr. hl.

Réttur félagsstjórnar til þess að rita firma er lögbundinn og hann er ekki unnt að taka frá henni jafnvel þótt öðrum hafi verið veitt slík heimild, sbr. 1. mgr. 74. gr. hl. Umboð til þessa að rita firma getur félagsstjórnin alltaf afturkallað, sbr. 4. mgr. 74. gr. hl.

Firmaritonarrétt má aðeins takmarka á þann hátt að fleiri en einn fari með hann í sameiningu. Aðra takmörkun er ekki unnt að skrá, sbr. 3. mgr. 74. gr. hl.

Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.

11. gr. Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bág við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

Sama gildir, enda þótt þriðji maður sé grandlaus, ef um þau umboð er að ræða, sem getið er í 18. gr.

²³ Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. *Aftaler og mellemmand*, bls. 323.

²⁴ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 268.

²⁵ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 265.

Prókúruhafi hefur ekki sömu heimildir til þess að skuldbinda félag eins og firmaritunarhafi þótt að orðalag 25. gr. firmalaga lestist „og rita firma“. Réttur prókúruhafa er ekki jafn víðtækur og firmaritunaréttur. Prókúruhafi hefur rétt til þess að „annast allt það er snertir rekstur atvinnu hans“ og þegar hann kemur fram fyrir hönd félagsins og gerir löggerninga þá hefur hann heimild til þess að rita undir löggerninga með nafni félagsins (firmans). Honum ber þó að auðkenna umboð sitt með skammstöfun pr. pr., eða „*per procura*“, sbr. 28. gr. fl., til þess að grundvöllur heimildar hans sé skýr.²⁶

4 Bótaábyrgð prókúruhafa

4.1 Almenn

Eins og fyrr segir er í samningum við þriðja mann alltaf greint á milli tveggja þátta, heimildarþáttarins og umboðsþáttarins.²⁷ Umboðsmaður getur haft vald (umboð) til þess að skuldbinda umbjóðanda með löggerningum, sem eru í samræmi við umboðið, enda þótt hann gangi lengra en hann hefur heimild til frá umbjóðanda.²⁸ Fari umboðsmaður út fyrir heimild sína getur það hins vegar leitt til skaðabótaábyrgðar hans gagnvart umbjóðanda. Almenna reglan er hins vegar sú að fari umboðsmaður út fyrir umboð sitt eða ef umboð reyndist aldrei fyrir hendi, skuldbindur sá gerningur ekki umbjóðanda. Umboðsmaður getur þá hins vegar borið skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni. Álitaefnið er því hvaða reglur gilda um skaðabótaábyrgð prókúruhafa sem færi út fyrir umboð sitt eða þá ef að umboð reynist aldrei hafa verið til staðar.

Almennar reglur um bótaábyrgð umboðsmanna er að finna í II. kafla samningalaga. Í firmalögum eru hins vegar engin ákvæði sem sérstaklega fjalla um skaðabótaábyrgð prókúruhafa og verður því að telja að almennu reglurnar í samningalögunum standi þeim til fyllingar. Verða þessar reglur nú skoðaðar nánar.

4.2 Umboðsmaður fer út fyrir heimild sína

Tvö megin skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að gerningur umboðsmanns verði skuldbindandi fyrir umbjóðanda: 1) að um sé að ræða fullgildan löggerning og 2) að efni löggerningsins sé innan ramma umboðsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. þar sem segir:

²⁶ Þórarinn Egill Þórarinsson, 2010, bls. 76.

²⁷ Ása Ólafsdóttir, *Glærur um milligöngu við samningsgerð*, glæra 25.

²⁸ Páll Sigurðsson: *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 187.

Gerir umboðsmaður löggerning í nafni umbjóðanda og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu fyrir umbjóðanda, án þess, að frekari löggerningur, frá umboðsmanni eða umbjóðanda, þurfti til að koma.

Meginreglan er sú að ef umboðsmaður heldur sig innan ramma umboðs síns þá verður samningur bindandi fyrir umbjóðanda jafnvel þótt að umboðsmaðurinn hafi í sjálfu sér ekki heimild til þess að gera slíkan samning²⁹, t.d. ef um kaup á bíl er að ræða og umbjóðandi vill frá rauðan jeppa þá á það ekki að hafa úrslitaráhrif þótt að umboðsmaður kaupir bláan jeppa. Má hér benda á *Hrd. 1972, bls. 261*: G skipamiðlari gaf, sem umboðsmaður fyrir hönd skipstjóra útgerðar m/s I, út farmskírteini varðandi skreiðarflutning með því skipi. Ágreiningur reis um gildi farmskírteinisins. Hæstiréttur taldi að þótt að umboðsmanninum kynni að hafa verið óheimilt gagnvart umbjóðanda sínum að gefa út skírteini með nánar tilgreindum skilmálum þá voru þau samt sem áður innan takmarka umboðs hans voru því talin gilda gangvart viðsemjenda.

Prókúruumboð eru ein tegund sjálfstæðra umboða og í 1. mgr. 11. gr. sml. er að finna mikilvæga undantekningu frá framangreindri meginreglu. Þar segir:

Hafi umboðsmaður, er hann gerði löggerning, brotið í bága við þau fyrirmæli, er umbjóðandi gaf honum, og hafi þriðja manni verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst, þá er sá löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda, enda þótt hann sé innan takmarka umboðsins.

Þessu til skýringar má benda á *Hrd. 1959, bls. 230*: Hér var talið var að framkvæmdastjóri sem hafði auglýst prókúrumboð hafði haft umboð til þess að gera skipaleigusamning fyrir hönd Skeggja h/f. Ósannað þótti að viðsemjandi Skeggju hafi mátt vita að framkvæmdastjórann skorti heimild til að gera skipaleigusamninginn. Var því félagið skuldbundið af ráðstöfunum framkvæmdastjórans.

Umboðsmaður, sem brotið hefur í bága við heimild sína eða fyrirmæli frá umbjóðanda (enda þótt löggerning hans séu innan takmarka boðsins sjálfs), getur orðið skaðabótaskyldur gagnvart umbjóðanda og fer sú ábyrgð eftir almennum bótareglum í kröfurétti.³⁰ Þessa niðurstöðu má m.a. sjá af *Hrd. 1945, bls. 287*: H/f M fól h/f G að gera farmsamning um skip M við flotastjórn erlends ríkis. H/f G fól P, starfsmanni sínum, að gera þennan samning. Eftir að samningur var gerður reis ágreiningur um efni umboðsins. Samningur var gerður til 12 mánaða en flotastjórninni var heimilt að segja honum upp með 30 daga fyrirvara. H/f M hélt því fram að það skilyrði hafi verið sett, að samningurinn væri gerður til 12 mánaða og P verið óheimilt að semja öðruvísi. Hæstiréttur taldi að líkur fyrir staðhæfingu h/f M væru svo miklar að sönnunarbyrðin um að heimilt hefði verið að setja umrætt uppsagnarákvæði í samninginn

²⁹ Páll Sigurðsson: *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 188.

³⁰ Páll Sigurðsson: *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 190.

ætti að hvíla á h/f G. Þar sem sú heimild væri ekki sönnuð var H/f G dæmt að bæta h/f M það tjón sem leiddi af því að flotastjórnin sagði samningnum upp.

Í þessum dómi var talið að löggerningurinn sem umboðsmaðurinn gerði væri skuldbindandi fyrir umbjóðanda þrátt fyrir að umboðsmaður hafi farið út fyrir heimild umboðsins. Umboðsmaður var þó látin bera bótaábyrgð á því tjóni umbjóðanda sem varð af þeirri niðurstöðu.

4.3 Umboðsmaður ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð

Samkvæmt gagnályktun frá 1. mgr. 10. gr. sml er almenna reglan sú að fari umboðsmaður út fyrir umboð sitt, eða umboð reynist aldrei hafa verið fyrir hendi, er sá gerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda.

Umboðsmaður, sem fer út fyrir umboð sitt eða ef umboð hefur aldrei verið fyrir hendi, getur orðið skaðabótaábyrgur gangvart þriðja manni við þessar aðstæður þar sem að hann ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð. Meginregluna um bótaábyrgð umboðsmanna er að finna í 1. mgr. 25. gr. sml. Þar segir:

Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi.

Reglunni til skýringar má benda á *Hrd. 1995, bls. 243*: Málavextir voru þeir að sumarið 1989 óskaði S framkvæmdastjóri Snæfax hf. eftir því að kaupa laxaseiði af Íslandslaxi hf. til framhaldsræktunar í fiskeldisstöðinni Snælaxi hf. á Grundarfirði. Vegna þess hve fjárhagsstaða Snæfax hf. var léleg á þessum tíma töldu forsvarsmenn Íslandslax hf. ekki gerlegt að selja Snælaxi hf. seiði.

Í kjölfarið bauð S þá fram nýjan og traustan kaupanda, hlutafélagið Guðmund Runólfsson. Gengið var að þeim samningi.

Þann 14. júní 1990 var þingfest dómsmál á bæjarþingi Grindavíkur á hendur Guðmundi Runólfssyni hf. í þeim tilgangi að fá félagið dæmt til þess að standa við og efna seiðasölusamninginn. Niðurstaða þessa máls varð sú að hlutafélagið Guðmundur Runólfsson var sýknað af kröfum Íslandslax hf. þar sem S hefði ekki haft umboð til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf.

Protabú Íslandslax hf. höfðaði þá þetta mál á hendur S á grundvelli 25. gr. sml. og krafði hann um bætur fyrir það tjón sem Íslandslax hf. hafið orðið fyrir við það að gerningnum varð ekki beitt gegn Guðmundi Runólfssyni hf.

Niðurstaðan varð sú að ósannað var að framkvæmdastjóra Íslandslax hf. hafi verið kunnugt um umboðsskort S. S var því gert að bæta stefnanda það tjón sem Íslandslax hf. varð fyrir vegna umboðsskorts hans á grundvelli 25. gr. sml.

Meginreglan samkvæmt þessu er því sú að ef að prókúruhafi fer út fyrir umboð sitt eða ef hann hefur í raun ekkert umboð, á það ekki að bitna fjárhagslega á þriðja manni þar sem að prókúruhafi ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð. Verður að telja að um hlutlæga bótaábyrgðarreglu sé að ræða þar sem að sök umboðsmanns er ekki gerð að skilyrði.³¹

Umboðsmaður ber sjálfur sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi nægilegt umboð sbr. 25. gr. sml. Þegar prókúruumboð hefur verið tilkynnt til firmaskrár auðveldar það sönnunarstöðuna því mjög.

Bótareglan í 25. gr. sml. gerir ráð fyrir því að þriðji maður verði eins settur og samningurinn hafði haldist. Hér getur þriðji maður því krafist efndabóta frá prókúruhafa (meintum prókúruhafa). Hann getur þó yfirleitt ekki krafist prókúruhafa um efndir in natura en prókúruhafi getur boðið þriðja manni þær ef það leiðir ekki til óhagstæðri niðurstöðu fyrir þriðja mann.³²

Undantekningar frá þessari meginreglu er hins vegar að finna í 2. mgr. 25. gr. sml. sem og öðrum almennum reglum. Í fyrsta lagi getur umboðsmaður í einhverjum tilvikum undanþegið sig ábyrgð í samningi á grundvelli almennra en óskráðra reglna kröfuréttar um samningsbundna undanþágu frá bótaábyrgð. Í öðru lagi verður umboðsmaður ekki bótaábyrgur ef viðsemjandi vissi eða mátti vita að umboð var ekki fyrir hendi, þ.e. ef hann er í vondri trú. Í þriðja lagi er umboðsmaður undanþeginn bótaábyrgð ef umboð er ógilt af ástæðum sem umboðsmaður má ekki vita um, t.d. gjaldþrot umbjóðanda sbr. 2. mgr. 25. gr. sml.³³ Má hér benda á *Hrd. 2006, bls. 4289 (54/2006)*: Málið snerist um það hvort bindandi kaupsamningur hefði komist á um sölu fasteignar þar sem að umboðsmaður kaupanda hafði ekki haft skriflegt umboð til þess að skrifa undir kaupsamninginn.

Þegar samningsgerðin hófst var lagagrundvöllur fasteignakaupa hér á landi einungis reistur á réttarvenjum sem og horft var til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Venja var fyrir því að ekki var þörf á skriflegu umboði.

Áður en að samningsgerðinni lauk höfðu hins vegar lög um fasteignakaup nr. 40/2002 tekið gildi. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna var því slegið föstu að gildisskilyrði umboðs var að þau væru skrifleg. Vegna þessa annmarka var kaupsamningur því ekki talinn kominn á.

Álitaefni var því hvort að seljandi gæti krafist umboðsmanninn um bætur vegna tjóns síns. Umboðsmaðurinn hafnaði bótaskyldu þar sem að hann hafi ekki vitað um þetta nýja skilyrði

³¹ Páll Sigurðsson. *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 200.

³² Páll Sigurðsson. *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 200.

³³ Páll Sigurðsson. *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 201.

og að hann hafi átt í sambandi við lögmenn seljanda og að þeir hefðu átt að benda honum á breytinguna. Hæstiréttur taldi að skilyrðum 1. mgr. 25. gr. sml. um bótaábyrgð væri fullnægt en að lögfróðu fulltrúar L við kaupin hefðu mátt vita að umboðið væri ekki fullnægjandi og væri því óhjákvæmilegt með vísan til 2. mgr. 25. gr. sml. að sýkna umboðsmanninn.

Hlutlæga bótaábyrgðareglan sem lögfest er í 25. gr. sml. stendur þó ekki í vegi fyrir rétti þriðja manns sem tjón hefur beðið af umboðsskorti umboðsmanns til að velja þá leið að krefjast vangildisbóta af aðila sem á saknæman hátt hefur skaðað hagsmuni hans. Sök er hér gerð að skilyrði ólíkt því sem leiðir af 25. gr. sml. Hér hvílir sönnunarbyrðin um sök umboðsmannsins á þriðja manni. Tjónþoli á þá oftast val um það hvora regluna hann kys að bera fyrir sig. 25. gr. sml. er þó oftast valin m.a. vegna þess að reglur um sönnunarbyrði eru þriðja manni hagstæðari en almennt gerist. Ef umboðsmaður (eða sá sem kemur fram sem umboðsmaður) hefur hins vegar ekki verið fjárráða þegar gerningurinn var gerður myndu vangildisbætur þó vera eina úrræðið sem þriðja manni stæði til boða.³⁴

4.5 25. gr. firmalaga

Í 25. gr. fl. segir að prókúruhafi hafi umboð til að annast allt það sem snertir rekstur atvinnu hans og rita firmað. Prókúruumboð nær hins vegar ekki til þess að selja eða veðsetja fasteignir eins og segir í 2. máls. 25. gr. fl.

Það getur orðið álitaefni hvaða löggerningar „snerta rekstur atvinnu“ hlutafélags. Af orðalagi greinarinnar er ljóst að prókúruumboð eru afar víðtæk og eru margir löggerningar félags til þess fallnir að geta fallið undir þá lýsingu að geta snert rekstur atvinnu. Af dómaframkvæmd má hins vegar sjá að það fer í raun eftir samþykktum félags og raunverulegri starfsemi hvað fellur undir sem rekstur atvinnu félags. Ákveðið mat verður því að fara fram þegar skoðað er hvort að löggerningur hafi verið innan prókúruumboðs. Verða nú dómur reifaðir til þess að sýna hvernig reglunni er beitt í framkvæmd.

Hrd. 1959, bls. 230 var reifaður hér fyrir í kafla 4.2.

Málið snerist um hvort að framkvæmdastjóri hafði haft umboð til þess að gera skipsleigusamning og undirrita víxla. Í dómi héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti, segir:

Í félagssamþykktum var tilgangur félagsins sagður vera „að reka verzlun, iðnað og útgerð í því skyni að efla atvinnu til almennra hagsbóta á félagssvæðinu“. Það er einnig fram komið í málinu, að stefnda hafði útgerðarstarfsemi með höndum. Verður eigi séð, að leiga á fyrrgreindu skipi í þrjá og hálfan mánuð hafi verið óvenjuleg ráðstöfun félagsins, enda hefur ekkert komið

³⁴ Páll Sigurðsson: *Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*, bls. 201.

fram í málinu né því haldið fram af hálfu stefnda, að leigusamningurinn hafi út af fyrir sig verið óhagstæður fyrir leigutaka. Þegar þetta er virt svo og það, að framkvæmdastjórinn hafði auglýst prókúruumboð fyrir stefnda, verður að telja, að hann hafi haft umboð til að gera skipsleigusamninginn og einnig til að samþykkja fyrrgreinda víxla, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903.

Hrd 1996, bls. 3663:

Í þessu máli reyndi gildi leigusamnings. Álitafnið var hvort að prókúruhafi hefði verið heimilt að gera leigusamninginn um rekstur á tækjum fyrir hönd félagsins Hilti sf.

Í dómi Hæstaréttar segir:

Meginregla um efni prókúruumboðs er í 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Segir þar, að umboðsmaður hafi vald fyrir umbjóðanda til að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans. Ljóst þykir, að áðurgreindur samningur við stefnda 3. september 1987 um leigu á tækjum varðar rekstur Hiltis sf., eins og honum er lýst í nefndri tilkynningu til firmaskrár.

Var leigusamningurinn því talinn skuldbindandi fyrir Hilti sf.

Hrd. 1996, bls. 4228:

Starfsmaður fyrirtækisins Vélar og þjónusta skrifaði undir skuldabréf fyrir hönd félagsins á grundvelli prókúruumboðs síns. Hann skuldbatt fyrirtækið sem ábyrgðaraðila á skuldbindingum annars félags. Álitafnið var hvort að hann hafi haft umboð til þessa, þ.e. hvort það hafi verið hluti af daglegum rekstri félagsins að takast á hendur skuldbindingar annars félags. Hæstiréttur kannaði hvaða tilkynningar félagið sendi til firmaskrár um tilgang félagsins. Hann var sagður vera að annast innflutning og umboðssölu á notuðum vélum og tækjum, reka vinnuvélar og verkstæði auk þess hafði félagið með höndum rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Á grundvelli þessa taldi dómurinn að sá sem tók á móti skuldabréfinu hafi ekki átt annars að vænta en að prókúruhafinn hafi haft nægilegt umboð. Vélum og þjónustu var því gert að greiða skuldabréfið.

Hrd. 2001, bls. 1017 (342/2000):

Hér var deilt um greiðsluskyldu Bílapartasölu Garðabæjar á skuldabréfi sem starfsmaður félagsins hafði gefið út. Bílapartasalan hafnaði greiðsluskyldu þar sem að hún taldi að starfsmanninn hefði skort umboð til að skuldbinda félagið. Hvorki firmaskrá hefði verið tilkynnt um að starfsmaðurinn gæti skuldbundið félagið né hefði félagið veitt honum umboð til þess. Ekkert lægi heldur fyrir um störf starfsmannsins sem nægði til að líta svo á að hann hefði notið stöðuumboðs til að gefa út skuldabréf í nafni félagsins. Hér var því ekkert umboð til staðar og var því fallist á að Bílapartasalan væru ekki skuldbundin af skuldabréfinu.

Hrd. 2003, bls. 2548 (178/2003):

Málavextir voru þeir að E, þáverandi framkvæmdarstjóri Flugskólans Flugsýnar ehf., hafði í skjóli prókúrumboðs ritað undir skuldabréf í nafni flugskólans að fjárhæð 1.000.000 krónur. Deilt var um það hvort að E hafi haft umboð til þess. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að undirritun skuldabréfsins hefði verið innan umboðs E á grundvelli 1. mgr. 25. gr. fl. og að ekki skipti máli þótt að E hafi láðst að vísa til prókúrunnar, sbr. dóm Hæstaréttar 1996, bls. 3663. Var heldur ekki fallist á að samþykki tveggja stjórnarmanna hafi þurft til ráðstöfunarinnar, enda hefði ekki verið sýnt fram á að hún hafi verið óvenjuleg eða mikils háttar, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Hrd. 2005, bls. 4003 (104/2005):

Í málinu var deilt um greiðslu yfirdráttarskuldar á tékkareikningi Margmiðlunarskólans. Álitafnið var hvort að lántakan teldist innan umboðs þáverandi skólastjóra samkvæmt ákvæði í stofnsamþykktum. Talið var að þrátt fyrir rúmar heimildir skólastjórans væri ekkert í framkomnum gögnum málsins sem renndi stoðum undir þá fullyrðingu að í umboði hans hafi falist heimild til að taka ákvarðanir um stórfelldar lántökur án atbeina stjórnar eða framkvæmdastjórnar. Var skólinn því talinn óskuldbundinn af lántökunni.

Hrd. 12. febrúar 2009 mál nr. 202/2008:

Málavextir voru þeir að framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins Rektors gerði fyrir hönd félagsins 14 afleiðusamninga, svokallaða skiptasamninga, við MP banka hf. og afhenti innstæðu bankareiknings að handveði. Seinna stefndi Rektor ehf. MP banka og krafðist endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem skuldfærð hafði verið af bankareikningi félagsins. Félagið taldi skiptasamningana vera ógilda og óskuldbindandi þar sem að framkvæmdastjórinn hefði ekki einn getað skuldbundið félagið með þessu hætti heldur þarfnaðist einnig undirskriftar stjórnarmanns félagsins. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að viðskiptamönnum Rektors ehf. hafi verið rétt að líta svo á að afleiðuviðskipti með hlutabréf féllu undir þá almennu skilgreiningu á tilgangi félagsins sem lýst var í tilkynningu til hlutafélagskrár. Þar sem ekki kom fram í samþykktum félagsins að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þyrftu báðir að samþykkja skuldbindingu félagsins og prókúra framkvæmdastjórans var ekki neinum takmörkunum háð að öðru leyti var talið að hann hefði getað skuldbundið félagið með þessum hætti.

Hérd. Rvk. 9. febrúar 2012 (X-301/2010):

Ágreiningsefnið var hvort að fyrrum framkvæmdastjóri Fons hf. hafi hefði heimild til að skuldbinda Fons hf. með samningum um framvirk hlutabréfaviðskipti við Glitni banka hf. og hvort að fyrrum fjármálastjóri Fons hf. hefði haft heimild til að skuldbinda félagið með samningum um gjaldmiðlaviðskipti við sama banka.

Í samþykktum Fons hf., sem voru í gildi þegar afleiðusamningarnir voru gerðir, var tilgangur félagsins meðal annars nefndur verðbréfaviðskipti. Í 25. gr. samþykktanna sagði að framkvæmdastjóri félagsins annaðist allan daglegan rekstur félagsins. Hinn daglegi rekstur tæki ekki til óvenjulegra eða mikilsháttar ráðstafana.

Álitaefnið var því hvort að ráðstafanir fyrrum framkvæmdastjórans og fyrrum fjármálastjórans hafi verið óvenjulegar eða mikilsháttar í skilningi samþykta Fons og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Dómari taldi að við mat á því hvað teldist til óvenjulegra eða mikilsháttar ráðstafana bæri að taka mið af tilgangi félagsins, umfangi og efnahagsstöðu og yrði því að líta til ársreikninga í því sambandi.

Á grundvelli þess var ljóst að viðskiptin námu fjórðungshlut af eignum félagsins á því ári. Héraðsdómari taldi að slík viðskipti hlytu, eðli máls samkvæmt, að teljast mikilsháttar í skilningi ákvæða 25. gr. samþykta Fons hf. og ákvæða 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995.

Með hliðsjón af þessu voru fyrrum framkvæmdastjóri Fons hf. og fyrrum fjármálastjóri Fons hf. utan heimildar samkvæmt umboði er þeir skuldbundu Fons hf. samkvæmt hinum tilgreindu afleiðusamningum.

Samkvæmt framangreindum dómum ræður það úrslitaáhrifum við matið á því hvort löggerningur sé innan prókúruumboðs að hann geti sótt sér stoð innan samþykta og raunverulegri starfsemi félags á því hvað teljist til reksturs atvinnu tiltekins félags. Prókúruumboð getur því samkvæmt þessu náð t.d. til útgáfu skuldabréfa, undirritun leigusamninga og útgáfu víxla. Takmörkun 2. másl. 25. gr. fl. leiðir þó til þess að prókúruumboð nær ekki til sölu eða veðsetningar fasteigna nema bein heimild sé gefin til þess. Prókúruumboð nær heldur ekki til samþykktar á löggerningum sem falla utan við tilgang viðkomandi félags.³⁵

³⁵ Stefán Már Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 266.

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð var leitast við að fjalla um prókúruumboð og skaðabótaábyrgð prókúruhafa.

Í prókúruumboði felst að prókúruhafi hefur vald til þess fyrir hönd umbjóðanda sína að annast allt það er snertir rekstur atvinnu hans og að rita firmað, sbr. 1. mgr. 25. gr. fl. Prókúruumboð eru því mjög víðtæk en ná hins vegar ekki til þess að selja eða veðsetja fasteignir.

Í samningum við þriðja mann verður alltaf að greina á milli tveggja þátta, heimildarþáttarins og umboðsþáttarins. Umboðsmaður getur haft vald (umboð) til þess að skuldbinda umbjóðanda með löggerningum, sem eru í samræmi við umboðið, enda þótt hann gangi lengra en hann hefur heimild til frá umbjóðanda. Fari umboðsmaður út fyrir heimild sína getur það hins vegar leitt til skaðabótaábyrgðar hans gagnvart umbjóðanda á grundvelli almennra bótareglna kröfuréttar. Almenna reglan er hins vegar sú að fari umboðsmaður út fyrir umboð sitt eða ef umboð reyndist aldrei fyrir hendi, skuldbindur sá gerningur ekki umbjóðanda. Umboðsmaður getur þá hins vegar borið skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni.

Almennar reglur um bótaábyrgð umboðsmanna er að finna í II. kafla samningalaga. Í firmalögum eru hins vegar engin ákvæði sem sérstaklega fjalla um skaðabótaábyrgð prókúruhafa og verður því að telja að almennu reglurnar í samningalögum standi þeim til fyllingar.

Meginregluna um bótaábyrgð umboðsmanna gagnvart þriðja manni er að finna í 1. mgr. 25. gr. sml. Af meginreglunni leiðir að ef að prókúruhafi fer út fyrir umboð sitt eða ef hann hefur í raun ekkert umboð, á það ekki að bitna fjárhagslega á þriðja manni þar sem að prókúruhafi ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð. Verður að telja að um hlutlæga bótaábyrgðarreglu sé að ræða þar sem að sök umboðsmanns er ekki gerð að skilyrði. Umboðsmaður ber sjálfur sönnunarbyrði á því að hann hafi nægilegt umboð sbr. 25. gr. sml.

Undantekningar frá þessari meginreglu er hins vegar að finna í 2. mgr. 25. gr. sml. sem og öðrum almennum reglum.

Það getur orðið álitafni hvaða löggerningar „snerta rekstur atvinnu“ hlutafélags, sbr. 25. gr. fl. Prókúruumboð eru afar víðtæk og eru margir löggerningar félags til þess fallnir að geta fallið undir þá lýsingu að geta snert rekstur atvinnu. Af dómaframkvæmd má hins vegar sjá að það fer í raun eftir samþykktum félags og raunverulegri starfsemi hvað fellur undir sem rekstur atvinnu félags. Takmörkun 2. másl. 25. gr. fl. leiðir þó til þess að prókúruumboð nær ekki til sölu eða veðsetningar fasteigna nema bein heimild sé gefin til þess. Prókúruumboð nær heldur ekki til samþykktar á löggerningum sem falla utan við tilgang viðkomandi félags.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ása Ólafsdóttir: *Glærur um milligöngu við samningsgerð úr kennslustund í samningarétti við Lagadeild Háskóla Íslands.* Reykjavík 2010.

Lennart Lygne Andersen: *Aftaler og mellemænd. 5. udgave.* Kaupmannahöfn 2006.

Lögfræðiorðabók, með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar.* Reykjavík 2004.

Stefán Már Stefánsson: *Hlutfélög, einkahlutfélög og fjármálamarkaðir.* Reykjavík 2003.

Þórarinn Egill Þórarinsson (2010). *Reglur samningalaga um stöðumboð og umboðsreglur félagaréttar.* Óútgefin meistara ritgerð í lögfræði við Háskóla Íslands, Lagadeild.

Þórir Örn Árnason. *Samningar og skjöl: uppsett skjöl í Word og Excel.* Geisladiskur með ritinu *Samningar og skjöl: handbók fyrir einstaklinga og fyrirtæki.* Reykjavík 2001.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar Íslands:

Hrd. 1945, bls. 287

Hrd. 1959, bls. 230

Hrd. 1972, bls. 261

Hrd. 1989, bls. 465

Hrd. 1995, bls. 243

Hrd. 1996, bls. 3663

Hrd. 1996, bls. 4228

Hrd. 1997, bls. 446

Hrd. 2001, bls. 1017 (342/2000)

Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)

Hrd. 2003, bls. 2548 (178/2003)

Hrd. 2005, bls. 4003 (104/2005)

Hrd. 2006, bls. 4289 (54/2006)

Hrd. 12. febrúar 2009 mál nr. 202/2008

Dómar héraðsdómstóla:

Hérd. Rvk. 9. febrúar 2012 (X-301/2010)

VIÐAUKI

1. Veiting prókúru

Hagstofa Íslands
Hlutafélagaskrá
Lindargötu 9
150 Reykjavík

[staður og dagsetning]

Veiting prókúru³⁶

[nafn fyrirtækis]
kt. [kennitala]
[heimilisfang]
[pnr. og staður]

Stjórn einkahlutafélagsins [nafn fyrirtækis] ákvað á fundi sínum þann [dagsetning] að veita [nafn], kt. [kennitala], [heimilisfang], prókúru félagsins.

Rithandarsýnishorn

pr.pr.

F.h. stjórnar,

[nafn]

Samningar og skjöl. © Bókaklúbbur atvinnulífsins 2001

³⁶ Þórir Örn Árnason. *Samningar og skjöl: uppsett skjöl í Word og Excel.*

2. Afturköllun prókúru

Hagstofa Íslands
Hlutafélagaskrá
Lindargötu 9
150 Reykjavík

[staður og dagsetning]

Afturköllun prókúru³⁷

[nafn fyrirtækis]

kt. [kennitala]

[heimilisfang]

[pnr. og staður]

Stjórn einkahlutafélagsins [nafn fyrirtækis] ákvað á fundi sínum þann [dagsetning] sl. að afturkalla prókúru [nafn], kt. [kennitala], [heimilisfang].

F.h. stjórnar,

[nafn]

Samningar og skjöl. © Bókaklúbbur atvinnulífsins 2001

³⁷ Þórir Örn Árnason. *Samningar og skjöl: uppsett skjöl í Word og Excel.*